


62 Stóra-Sandvík

Samkvæmt viðnámsmælingum gæti verið virkjanlegur háhiti í Stóru Sandvík þar sem Stampagosrein sker jarðskjálftabeltið norður af Reykjanesi. Norðaustlægir gjáveggir liggja um svæðið og afmarka sigdældina á Reykjanesi að norðan. Hugsanlegt er að jarðhitakerfið sé samtengt kerfinu á Reykjanesi eða öllu heldur hluti þess í Stampagosrein.






Mynd 25. Sprungukerfi á Reykjanesi (byggt á korti Kristjáns Sæmundssonar og Sigmundar Einarssonar 1980) og lega smáskjálftabeltis byggð á mælingum Sveinbjörns Björnssonar 1971-1976.


Afl 50 MWe, orkugeta 410 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna B. FH III: Áhrif 63. FH IV: Kostnaðarflokkur 2,5.

Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna A/C. Reykjanes Verðmæti/Meðaltal 4,8/8,0. Áhrifaeinkunn/Meðaltal 3,0/5,4.





Reykjanes – Stóra-Sandvík

Sérstakt mikilvægi

Náttúruminjar: Eldvörp, Reykjanes og Hafnarberg.

Náttúruverndaráætlun 2004-8: tillaga UST um friðland: Reykjanes, Eldvörp, Hafnarberg: stórbotin jarðfræði, hverasvæði, setmyndanir, fuglabjarg.

Tegundir á valista: flóajurt YH.

Mikilvægar tegundir: eitt stærsta krúvarp landsins.

Friðað hús: vitinn á Vatnsfelli.

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna B/B

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Reykjanestá	8,52	23

<i>Staðar- númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i>	<i>Röð</i>
		til beitar	vegna veiða		
62	Stóra-Sandvík			1,31	52

Röðun FH I/FH II: 6.

Könnun verkefnisstjórnar: N6, B6, V0.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk: Á aðalskipulagi.

Rök fyrir röðun í biðflokk: Rannsóknarleyfi, nýtingarleyfi og virkjunarleyfi ekki til staðar.
Orkuvinnslugeta ekki þekkt.

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

Flokkun í þingsályktunartillögu: Nýtingarflokkur

Rökstuðningur: Vísað til röðunar verkefnisstjórnar (tafla 7.2 í fylgiskjali 1) og könnunar verkefnisstjórnar (fylgiskjal 3). Virkjanakostur er nálægt mikilvægu atvinnusvæði og verndargildi svæðisins er takmarkað. Áhrif virkjunar á möguleika til ferðamennsku og útivistar ekki talin veruleg. Stóra-Sandvík er í jaðri Reykjanessvæðis og verður nauðsynleg viðbót við það til viðhalds á orkugetu eða stækkunar Reykjanesvirkjunar.